

Nr. 098 / 15 Viðar ÍS 500**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2493
Smíðaður: Akranes 2001, plast
Stærð: 5,79 brl. 4,20 bt.
Mesta lengd: 8,32 m Skráð lengd: 7,51m
Breidd: 2,40 m Dýpt: 1,06 m
Vél: Volvo Penta 160 kW, 2005
Fjöldi skipverja: 1



Viðar©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 1. september 2015 var Viðar ÍS 500 siglingu á Veiðileysufirði. Veður: Hægviðri

Kl. 11:29 kallar Viðar ÍS á Ísafjörð og tilkynnir um vélarbilun. Skipstjórinn setti út ankeri og óskaði eftir að haft væri samband við Albatros ÍS 111 til að draga hann í land. Kl. 15:15 voru bátarnir komnir til hafnar í Bolungarvík.

Við rannsókn kom fram:

- að öndunarsían á sveifarhúsi vélarinnar stíflaðist og smurolían tæmdist af vélinni vegna yfirþrýstings í sveifarhúsi.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var að öndunarsía stíflaðist.